

HRÍSEYJARVITI

– Gunnhildur Stefánsdóttir

Hríseyjarviti er steinsteyptur viti byggður árið 1920 eftir teikningu verkfræðinganna Thorvalds Krabbe og Guðmundar J. Hlíðdal. Höfðu þeir að fyrirmynd teikningarinnar Dalatangavita en hann hafði Krabbe teiknað nokkru fyrr. Hríseyjarviti er 5 metra hár steinsteyptur turn, að utanmáli 2,7x2,7 metrar. Vítahæðin er 8,3 metrar og ljóshæð yfir sjávarmáli 113 metrar. Ljóshúsið er áttstrent og smíðað á Íslandi. Það er 3,3 metra hátt, úr járni. Þakið er einnig áttstrent og úr járni. Það rís upp í lága keilu með lofttúðu efst.

Vitinn sjálfur stendur á steinsteyptri undirstöðu sem nær 0,25 metra út fyrir vegg. Veggirnir eru múrdregnir en greina má borðamótin í gegnum múrinn. Á suðurhlíðinni eru dyr en þar var upphaflega spjaldahurð en í hennar stað er nú komin slétt hurð. Yfir dyrunum er þvergluggi og fjögurra rúðu krosspóstagluggi yfir honum með steinsteyptu vatnsbretti undir. Efst á veggjum er framstætt band undir stölluðu þakskeggi. Í kringum þessar svalir, sem bandið myndar, er nú handrið úr álstoðum og timbri en þar var áður einfalt járnhandrið. Álstigi liggur frá jörðu upp á svalirnar umhverfis ljóshúsið en var áður stigi úr járni. Hið innra er vitinn eitt rými og liggur upphaflegur járnstigi upp í ljóshúsið að lúgu í gólfi þess.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á vitanum í gegnum árana rás. Upphaflega var hann hvítur að lit með rauða rönd á miðjum veggjum en var málaður gulur á sjöunda áratug 20. aldar eins og tíðkaðist með flesta vita sem ekki voru steinaðir að utan. Vitinn var rafvæddur 1987 með rafloagn en fram að því var gasljós í vitanum.

Til gamans má geta að vitinn á Svalbarðseyri er byggður eftir sömu teikningu hið sama ár og sama máli gegnir um Papeyjarvita sem er byggður 1922. Allir þessar vitar eiga sér fyrirmynd í teikningu Thorvalds Krabbe af Dalatangavita eins og fyrr segir.

Vert er að minnast á að Hríseyjarviti hefur verið friðlýstur frá 1. desember 2003 og tekur friðunin til ytra og innra borðs vitans og ljóshúss. Þá er umhverfi vitans friðað í 100 metra rás frá honum en að norðan að bjargbrún sem þar er. Hann er einn sjö vita sem voru friðlýstir af menntamálaráðherra árið 2003.

Heimildir: Guðmundur Bernóðsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson. (2002). Vitar á Íslandi. Kópavogur: Siglingastofnun Íslands. <http://www.husafriidun.is/husaskral/husaskrafridud-hus/nordurlandeystra/nr/502>



Hríseyjarviti

FJÁRÖFLUN

ÍSLENSKA VITAFÉLAGSINS - FÉLAGS UM ÍSLENSKA STRANDMENNINGU

Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu hefur látið hana svuntur, skjólur (buff) og endurskinsmerki. Vörurnar eru allar með merki félagsins og á svuntunni er að finna uppskrift af rammíslenskum plockfiski.



Allir fyrirlestrar sem haldnir voru á vegum félagsins á strandmenningahátíðinni á Húsavík 2011 eru nú komnir út í glæsilegu hefti .

Þessar vörur fást keyptar hjá Sigrúnu Klöru sigrun@hi.is eða Sigurbjörgu sibba@unak.is.



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið

2. töl 2012

-félag um íslenska strandmenningu

Ágæti lesandi.

Eftir viðburðaríkt og gott sumar setjum við okkur í vetrarstellingar og hefjum fræðslukvöldin okkar og aðra vetrarstarfsemi.

Að venju verða þau í Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni og í vetur fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar frá október og fram í apríl. Eins og áður verður víða komið við og er það okkur sönn ánægja að hafa fengið Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, og hans nemendur til liðs við okkur. Heimsókn vorsins verður á Akranes í maí, en þar hafa dugnaðarfórk og áhugasamir einstaklingar um strandmenningu staðið fyrir margskonar viðburðum í vitanum og sannað að það þarf ekki endilega að byggja hallir til að draga að fólk. Dagskráin verður skipulögð í samvinnu við heimamenn og auglýst nánar þegar vorar.

Norrænu strandmenningarfélögin vinna nú að því að stofna formlega samtök norrænna strandmenningafélaga. Nú eru tvær norrænar strandmenningahátíðir að baki og unnið er hörðum höndum að undirbúningi hátíðanna í Karlskrona í Svíþjóð 2-7 júlí 2013 og í Oslo 2014. Með auknu samstarfi er hægt að sameina kraftana og hrinda í framkvæmd draumum sem fyrir einstaka félagi hefur víst fjarlægur. Nú þegar hafa myndast minni hópar innan samstarfsins sem nú vinna sjálfstætt að sínum málum og má þar nefna, bátasmiði og kaðlagerðafólk.

Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu undirbýr nú af kappi þátttöku félagsins í hátíðinni í Karlskrona og eru allir sem áhuga hafa á leggja stjórnarmönnum lið beðnir um að hafa samband sem fyrst við formann félagsins í sibba@unak.is eða 823 4417.

Allir fyrirlestrar sem haldnir voru á vegum félagsins á strandmenningahátíðinni á Húsavík 2011 eru nú komnir út í glæsilegu hefti og fást keyptir hjá Sigrúnu Klöru sigrun@hi.is eða Sigurbjörgu sibba@unak.is. Einnig hefur félagið látið gera svuntur með plockuppskrift, buff og endurskinsmerki með lógói félagsins sem einnig er hægt að kaupa hjá ofangreindum aðilum.

Með von um að sjá ykkur sem flest á fræðslukvöldum vetrarins.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN



Magnús Skúlason fræðir gesti um harðfisk og skreið

RITSTJÓRN: SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR, SIGURBJÖRG ÁRNADÓTTIR

ÍSLENSKA VITAFÉLAGIÐ - FÉLAG UM ÍSLENSKA STRANDMENNINGU • SKARÐSHLÍÐ 15K • 603 AKUREYRI • ÍSLAND

NÆSTA NORRÆNA STRANDMENNINGARHÁTÍÐIN VERÐUR Í KARLSKRONA 2013

Kannski er það gestristni vina okkar á Íslandi, kannski er það þessi stórkostlega náttúra landsins, kannski heillandi saga landsins eða blanda af þessu öllu sem gerði það að verkum að Norræna strandmenningarhátíðin Sail Húsavík lagði grunn að einstakri lítilli norrænni fjölskyldu.

Frá því Sail Húsavík var haldin, sem við minnumst öll með gleði og eldmóði, hefur lítill hópur sem samanstendur af Sibbu, Poul Erik Clausen frá Danmörku, Anitu Andreasen frá Förbundet Kysten í Noregi og mér hist ótal sinnum. Afraksturinn er meðal annars strandmenningarhátíð í Ebeltoft (í júlí s.l.) og að við í Svíþjóð höfum nú tekið að okkur að halda hátíðna 2013.

Við vinnum nú ótulla að undirbúningi og væntum þess að geta tekið vel á móti ykkur sem komið frá Íslandi til Karlskrona í fagurt landslag Blekinge 2-7 júlí 2013.

Við gerum ráð fyrir fjölbreyttri dagskrá, sem að sjálfsgöðu er ekki fullunnin en hefur þó tekið á sig nokkra mynd.

Karlskrona bærinn var stofnaður 1680 sem bækistöð fyrir sænska flotann eftir að við deildum við Dani og til að vernda okkur gegn þeirra gamla hálfónýta flotaliði. Bærinn eignaðist 33 eyjar sem eru í skerjagarðinum í Blekinge. Mikið hefur varðveist frá þessum tíma og Karlskrona státtar er nú á heimsminjaskrá Unesco. Við eigum einnig stórkostlegt Sjóminjasafn (Marinmuseum) sem var stofnað 1780 og er nú stærsta aðráttarafl í landshlutunum.

Að sjálfsgöðu er Sjóminjasafnið einn af hornsteinunum í hátíð okkar og viðburðirnir munu aðallega verða þar og í næsta nágrenni við safnið. Seglskipafélag Svíþjóðar (Sveriges Segelfartygsförening) er annar mikilvægur samstarfsaðili sem mun sjá til þess að skútur og önnur fley sem koma langt að fá fagmannlega umönnun.

Annar mikilvægur samstarfsaðili er safnið Blekinge-museum sem nú hefur strandmenningu sem eitt af starfssviðum sínum. Sögufélag Slippens (Varvshistoriska föreningen) hefur meðal annars umsjón með okkar fallegu reipagerð sem er frá 1690. Félagið mun mun halda norrænt málþing um kaðlagerð á meðan hátíðinni stendur. Að lokum bera að nefna útgáfufyrirtækið Albinsson og Sjöberg sem gefur út tímarit og mun fyrirtækið stjórna ýmsum uppákomum á hátíðinni þar með talið stórrí syningu á gömlum bátum.

En við byrjum á lítilli framandi eyju sem ber nafnið Hanö. Þar munu gamlar skútur og önnur fley safnast saman og sigla í samfloti um þröngar siglingaleiðir í skerjagarði Blekinge. Á leiðinni verður stoppað á nokkrum stöðum til að skoða gamlar bátasmiðastöðvar, hlýða á staðarhaldara segja frá horfnum tímum og hlusta á ljúfa sjómannasöngva.

Á sama tíma verða haldnir áhugaverðir fyrirlestrar í Marinmuseum (Sjóminjasafninu) og farið í könnunarleiðangra sem tengjast þeim.

Á föstudeginum sigla skip og bátar inn til Karlskrona og hátíðin byrjar.

Hér vonumst við að sjálfsgöðu til að Íslendingar sýni sig, til dæmis með leikþætti Síldarminjasafnsins um síldarsöltun, dans og söng eða kannski hvalaskoðun Húsavíkur.

Frá öðrum norrænum ríkjum koma einnig bátar, handverk og sýningar um ólíka þætti strandmenningar og sýnikennsla (workshops). Við vonumst til að öll norrænu ríkin verði á meðal þátttakenda og kannski leyfum við einnig einhverju Eystrasaltslandanna að fljóta með.

Ef næg þátttaka fæst getum við skipulagt ferð til Utklippa-vitans (Utklippans fyr) sem var byggður 1840 sem virki og viti. Árið 1870 var Heidenstamviti byggður og stendur nú sem minnisvarði um liðna tíma. Skoðið gjarnan www.webbkameror.se Fylgist einnig með www.nordiskkustkultur.net því þar getið þið fylgst með undirbúningi okkar fyrir Norrænu strandmenningarhátíðina í Karlskrona 2013.

Velkomin
Per-Inge Pingel Lindqvist/ projektansvarig och medlem ansvarsgruppen Nordisk Kustkultur



Óður til íslenska æðarfuglsins:

KONUNGLEG ÖND - GUÐDÓMLEGUR ÆÐARDÚNN!

– Guðbjörg H. Jóhannesdóttir

Saga æðardúntekju og nýtingar á æðarfugli er samofin sögu þjóðarinnar allt frá því búseta hófst hér á ofanverðri 9. öld. Æðarfuglinn var friðaður árið 1847 og hefur notið verndar fyrir veiðum og eggjatöku síðan. Þrátt fyrir að Ísland sé leiðandi í heiminum með um og yfir 80% markaðshlutdeild á æðardúni, eru margir Íslendingar sem þekkja lítið eða ekkert til æðarfuglsins, sögu hans né einstakrar náttúrulegrar afurðar hans, æðardúnsins, sem er svo fágæt og verðmæt að einungis er hægt að framleiða um 6000 sængur í heiminum með þeim dúni sem fellur til árlega.



Ljós. Guðbjörg H. Jóhannesdóttir

Af hverju lundni en ekki æðarfugli?

Land og þjóð státtar sig af lundanum, en hvar er æðarfuglinn og dýrmæti æðardúnninn sem er einstakur hluti af landi og þjóð? Lundinn er með sýnilegri minjagripum í verslunum og ferðaþjónustuaðilar gera út á lundasinglingar. Það eru til ótal mörg póstkort með lunda og flestum öðrum andartegundum en leitinn að æðarfugli á póstkorti er löng og ströng. Af hverju flagga ekki verslanir sem selja íslenskar vörur æðardúnsængum sem konungsborið fólk kys að láta ylja sér í öðrum löndum? Árlega koma nokkrir hópar af kvikmyndagerðarfólki frá Asíu, Evrópu og Ameríku til að festa sögu þessa einstaka fugls og hefðir

honum tengdum á filmu. Við höfum verið mjög sofandi fyrir atvinnutækifærum tengdum æðarfugli en það er ekki of seint að snúa blaðinu við. Endurreisnarstarf heimamarkaðar er þegar hafið, t.d. með endurnýjun Hlunnindasýningar á Reykhólum og rekstri Æðarseturs Íslands í Stykkishólmi. Margt smátt gerir eitt stórt. Nokkrir listamenn á Vesturlandi framleiða nú listmuni og gjafavörur með æðarfuglinn sem fyrirmynd, en betur má ef duga skal. Tækifærin æpa á mann, s.s. í ferðaþjónustu, framleiðslu hönnunarvara fylltar með æðardúni, safnastarfsemi o.fl. Hér gefst einstakt tækifæri fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar til að byggja upp þverfaglegt samstarf.

Náttúran í sinni fegurstu mynd

Villtur æðarfuglinn og umhyggjusamir æðarbændur hafa á löngum tíma þróað vináttu sem endurspeglar samvinnu og náttúruna í sinni fegurstu mynd. Æðarbændur á Íslandi undirbúa komu æðarfuglsins á vorin og reyna að lokka hann á jarðir sínar með alls kyns gylliboðum. Fuglinum er síðan boðin vernd fyrir mink, ref, ránfuglum og oft á tíðum umgengni manna og ökutækja meðan á varptíma stendur. Þeir alhörðustu standa vaktina allan sólarhringinn. Æðarfuglinn launar verndina ríkulega með æðardúnum sem hann skilur eftir handa bóndanum. Ísland er eina landið sem hefur ávallt hlúð að þessari atvinnugrein, en annað er að segja um aðrar þjóðir. Þrátt fyrir þessa einstöku náttúruafurð sem verður til hér á landi og sérstöðu æðarfuglsins virðist almenn þekking á fuglinum og dúninum lítil hér á landi nema þá helst á sjávarsvæðum þar sem hefðir æðarræktarinnar eru í hávegum hafðar.

Æðardúnn er „rollsinn“

Enginn dúnn jafnast á við æðardún. Hann hefur mikið loftþan og temperar því hitastig á einstakan hátt. Dúnninn fellur til náttúrulega og er tindur úr hreiðrum og hreinsaður með aðferðum byggðum á arfleifð fyrri kynslóða. Nú er að vakna, nudda stýrnar úr augunum, bretta upp ermar og hefjast handa. Verum stolt af æðarfuglinum, einstakri náttúrulegri gjöf hans til landsins og sýnum þakklæti í verki! Upphefjum æðarfuglinn sem fugl lands og þjóðar!

ÍSLENSK STRANDMENNING Í EBELTOFT SUMARIÐ 2012

– Sigurbjörg Árnadóttir

Fyrir utan sjóminjasafnið í Ebeltoft á Jótlandi liggur stærsta tréskip heims við bryggju, Fregatten-Jylland. Freigátan Jylland er okkur Íslendingum að góðu kunn því hún flutti Kristján kóng IX til Íslands þegar hann kom með stjórnskrána. Í þessum fallega bæ sem er paradís unnenda strandmenningar var norræna strandmenningarhátíðin haldin dagana 11-15 júlí 2012.



Af hálfu Íslands var það Íslenska vitafélagið-félag um íslenska strandmenningu sem sá til þess að Ísland væri sýnilegt. Jón Ragnar Daðason kynnti gestum og gangandi íslenskan trébát sem afi hans smíðaði árið 1906 og hann sjálfur gerði við í námi sínu sem trébátasmiður. Magnús Skúlason, stóð vaktina í sýningarbási félagsins ásamt Sigurbjörgu Árnadóttur, en á meðal þess sem þau kynntu var uppsettur skreiðarhjallur, saltfiskur og harðfiskur, snyrtivörur unnar úr sjávarfangi og sömuleiðis kvikmyndir, bækur, myndlist og handverk af ýmsum toga sem tengist hafi og strönd. Að auki voru þau bæði á meðal fyrirlesara hátíðarinnar.

Bás Vitafélagsins vakti óskipta athygli, gestir spurðu margs og harðfiskurinn hvarf eins og dögg fyrir sólu. Til að gera félaginu mögulegt að taka þátt í hátíð sem þessari naut félagið velvildar margra og fékk m.a. styrk frá Íslandsstofu, en mestu þakkarinnar fær þó Eimskip fyrir aðstoð við að flytja varninginn til Danmerkur. Án þeirra dyggilega stuðnings hefði þetta ekki verið hægt.